

5. október 2016

NÁTTÚRA, MENNINGARMINJAR OG FERÐAMENN

**LANDSÁÆTLUN UM UPPBYGGINGU INNVIÐA TIL VERNDAR
NÁTTÚRU- OG MENNINGARSÖGULEGUM MINJUM SKV.
BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI VIÐ LÖG NR. 20/2016**

DRÖG AÐ ÁÆTLUN VEGNA VERKEFNA ÁRSINS 2017

EFNISYFIRLIT:

1. INNGANGUR	3
2. VERKEFNISSTJÓRN.....	4
3. FERÐAÞJÓNUSTA OG ÁLAG Á NÁTTÚRU- OG MENNINGARMINJAR	5
4. MARKMIÐ MEÐ LÖGUM UM LANDSÁÆTLUN UM UPPBYGGINGU INNVIÐA..	6
5. SKAMMTÍMAÁÆTLUN – AFMÖRKUN OG ÁHERSLUR	7
6. UMSJÓN MEÐ NÁTTÚRU- OG MENNINGARMINJUM	8
6.1. Ríkisstofnanir.....	8
6.2. Sveitarfélög.....	9
6.3. Einkaaðilar.....	9
7. VINNULAG OG FORGANGSRÖÐUN VIÐ GERÐ SKAMMTÍMAÁÆTLUNAR FYRIR ÁRIÐ 2017	10
7.1. Samráð og gagnaöflum frá stofnunum og sveitarfélögum	10
7.2. Forgangsröðun vegna 2017 og forsendur hennar.....	10
8. FJÁRMÁL	11
9. ÁÆTLUN UM FJÁRMÖGNUN 2017	11
10. ÁÆTLUN VEGNA ÁRSINS 2017.....	12
10.1. Stærri verkefni sem eru fyrirhuguð á næsta ári	12
10.2. Tillögur að verkefnum vegna ársins 2017.....	12
10.3. Landvarsla og eftirlit.....	21

1. INNGANGUR

Ísland er afar ríkt af sérstæðri náttúru og fjölbreyttum menningarminjum.

Náttúra og menningarminjar eru eitt helsta aðráttarafl ferðaþjónustu, sem á skömmum tíma hefur orðið einn stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar og sérstæð íslensk náttúra þar með orðin ein okkar allra verðmætasta náttúruauðlind. Hefur erlendum ferðamönnum fjölgað afar hratt á síðustu árum eða úr um 490 þúsund árið 2010 í að verða væntanlega um 1,7 milljón árið 2016. Vöxtur ferðaþjónustunnar hefur átt stóran þátt í þeim hagvexti sem verið hefur á Íslandi undanfarin ár og á sama tíma skapað fjölda nýrra starfa um land allt.

Samkvæmt könnunum er ferðaþjónustan að stærstum hluta náttúrutengd, þ.e. ferðamenn koma hingað fyrst og fremst til þess að njóta náttúrunnar. Jafnframt skipta menningarminjar miklu. Ferðaþjónusta er þannig orðinn afar umfangsmikil atvinnugrein, sem nýtir auðlindir íslenskrar náttúru með tilheyrandi álagi á fjöldamörgum stöðum. Einnig fer hverskonar útivist Íslendinga vaxandi. Álag á náttúru- og menningarminjar er orðið slíkt, að það kallar á sérstakar aðgerðir af hálfu stjórnvalda til að tryggja vernd þessara minja og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra.

Íslensk náttúra og menningarminjar, ekki síst á mörgum vinsælustu ferðamannastöðunum, er jafnframt víða viðkvæm. Því er þörf á skipulagðri uppbyggingu margskonar innviða ef vernda á þau gæði sem staðirnir búa yfir, en jafnframt tryggja forsendur og möguleika nýtingar ferðaþjónustunnar. Með innviðum er í þessu samhengi átt bæði við efnislega og óefnislega innviði sem ætlað er að draga úr skemmdum eða öðru álagi á náttúru og menningarminjar, auka öryggi ferðamanna og stuðla að nauðsynlegri fræðslu, vernd minja og sjálfbærri nýtingu. Má þar nefna verndaraðgerðir, öryggi á stöðum, göngustíga, þjónustumiðstöðvar, merkingar svo og eftirlit og landvörslu.

Til að móta stefnu, samræma og skipuleggja aðgerðir á þessu sviði setti Alþingi lög um gerð landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegra minja nr. 20/2016.

Hér eru lögð fram til umsagnar drög að skammtímaáætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannaleiðum, ferðamannastöðum og ferðamannasvæðum til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, sbr. bráðabirgðaákvæði laga nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum:

„Ráðherra skal innan sex mánaða frá samþykkt laga þessara, að höfðu samráði við aðila sem eiga fulltrúa í verkefnisstjórn skv. 5. gr. og í samráði við þá ráðherra er fara með ferðamál, þjóðlendumál og menningarminjamál, leggja fram og birta opinberlega áætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannaleiðum, ferðamannastöðum og ferðamannasvæðum sem gildi til 1. janúar 2018. Áætlunin skal auglýst til umsagnar í a.m.k. fjórar vikur áður en hún er samþykkt“.

Skammtímaáætlunin, sem tekur til ársins 2017, er undanfari stefnumarkandi landsáætlunar til 12 ára og verkefnaáætlunar til þriggja ára sem lögin kveða á um að skuli leggja fram á Alþingi sem þingsályktun í janúar 2017 og er miðað við að hún taki gildi þann 1. janúar 2018.

Þessi skammtímaáætlun er frábrugðin þeim langtímaáætlunum sem lögin kveða á um og megintilgangur hennar er einungis að setja fram áætlun um verkefni á árinu 2017. Vinnu við hana var jafnframt skammtaður afar knappur tími sbr. fyrirmæli bráðabirgðaákvæðis laganna.

Miðað við þær forsendur sem lagðar eru upp í fjármálaáætlunum ársins 2017 er ljóst að ekki verður hægt að ráðast í nema hluta þeirra innviðaverkefna sem opinberar stofnanir og sveitarfélög telja mikilvægt að vinna til að tryggja vernd náttúru og menningarminja á stöðum undir álagi af hálfu ferðaþjónustunnar. Því þarf að forgangsraða verkefnum.

Mikilvægt er að taka fram að endanlegar ákvarðanir um fjármál vegna innviðaupbyggingar til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum liggja ekki fyrir, heldur bíða umfjöllunar og afgreiðslu Alþingis á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2017.

2. VERKEFNISSTJÓRN

Umhverfis- og auðlindaráðherra, að fengnum tilnefningum ráðherra ferðamála, menningarminja, þjóðlendumála og Sambands íslenskra sveitarfélaga, skipaði verkefnisstjórn landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum til næstu þriggja ára, sbr. lög nr. 20/2016.


Verkefnisstjórnin er þannig skipuð:

- Jón Geir Pétursson, skrifstofustjóri, formaður, skipaður af umhverfis- og auðlindaráðherra.
- Guðný Sverrisdóttir, sjálfstætt starfandi ráðgjafi og fyrrum sveitarstjóri, skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra.
- María Reynisdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðherra.
- Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri skrifstofu löggjafarmála, tilnefndur af forsætisráðuneyti.
- Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu, tilnefnd af forsætisráðuneyti.
- Guðjón Bragason, sviðsstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með vísan í bráðabirgðaákvæði laga 20/2016 er hlutverk verkefnastjórnar gagnvart skammtímaáætlun einkum að vera farvegur samráðs við þá aðila sem eiga fulltrúa í verkefnastjórn.


3. FERÐAÞJÓNUSTA OG ÁLAG Á Náttúru- og Menningarminjar

Árið 2010 var fjöldi erlendra ferðamanna um gátir landsins um 490 þúsund en árið 2015 var




Mynd 1. Ferðamönnum hefur fjölgað ört á síðustu árum og nálgast 2 milljónir á ári. Þessi öri vöxtur kallar á margvíslegar aðgerðir til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum. Heimild: Ferðamálastofa.

sú tala tæplega 1,3 milljónir. Með skemmtiferðaskipum komu um 100 þúsund gestir, mest dagsgestir. Ekki er óvarlegt að áætla að fjöldi ferðamanna á árinu 2016 verði um 1,7 milljónir. Á árinu 2017 benda spár til að aukning haldi áfram og fjöldi ferðamanna verði að lágmarki 2 milljónir, jafnvel allt að 2,4 milljónum.



Mynd 2. Árið 2015 heimsóttu um 40% ferðamanna Ísland yfir sumarmánuðina (50% árið 2010). Aukningin í fjölda ferðamanna hefur verið hlutfallslega meiri utan sumartímans undanfarin ár. Þessi þróun hefur verulega þýðingu fyrir þá þjónustu og aðstöðu sem þarf að vera til staðar til verndar náttúru og menningarminjum. Heimild: Hagstofa Íslands.

Aukinn fjöldi ferðamanna veldur verulegu álagi á náttúru- og menningarminjar sem á sér jafnframt mismunandi birtingarmyndir. Í fyrsta lagi skiptir heildarfjöldinn miklu máli, aukinn gestafjöldi veldur einfaldlega auknu álagi. Uppbygging innviða hefur alls ekki haldið í við þennan hraða vöxt, auk þess að forsendur hafa víða mikið breyst frá því sem áður var talin fullnægjandi aðstaða (Mynd 1). Í öðru lagi koma ferðamenn í vaxandi mæli utan háannar sem er að mörgu leyti jákvæð þróun en veldur nýjum áskorunum og annarskonar álagi. Íslensk náttúra er t.d. viðkvæmari á vorin þegar frost er að fara úr jörðu heldur en sumrin, á vetrum er víða snjór og háлка sem kallar á bættar forvarnir hvað öryggi varðar og annað form vörslu og innviða. Landvarsla hefur til að mynda verið mun meiri á sumrin en veturna (Mynd 2). Í þriðja lagi dreifast ferðamenn afar misjafnt um landið, sumir staðir verða þannig fyrir hlutfallslega miklu meira álagi en aðrir (Mynd 3).



Mynd 3. Ferðamenn dreifast afar mismunandi um landið sem endurspeglast í mismunandi álagi af þeirra völdum á náttúru- og menningarminjar.

4. MARKMIÐ MEÐ LÖGUM UM LANDSÁÆTLUN UM UPPBYGGINGU INNVIÐA

Með lögum nr. 20/2016 var innleitt nýtt vinnulag og stjórnþæki og er fyrsti áfangi þess sú skammtímaáætlun sem hér er sett fram.

Landsáætlun er ætlað að taka til innviða sem gera Íslendingum kleift að taka á móti auknum straumi ferðamanna í viðkvæmri náttúru landsins án þess að valda spjöllum á náttúru og menningarsögulegum minjum. Einnig er henni ætlað að vinna að því að því að öryggismál við fjölsóttu ferðamannastaði séu með viðunandi hætti. Þriðja grein laga nr. 20/2016 skýrir til hvers landsáætlun nær:

3. gr. Landsáætlunin tekur til verndaraðgerða, öryggismála, uppbyggingar, eftirlits, undirbúnings og reksturs staða, leiða og svæða og viðhalds innviða á ferðamannaleiðum, ferðamannastöðum og ferðamannasvæðum í landinu. Í áætluninni skal leggja til grundvallar vernd náttúru og menningarsögulegra minja og viðmið um sjálfbæra nýtingu og skilgreina þá stefnu við uppbyggingu og viðhald sem unnið verður eftir á gildistíma áætlunarinnar auk þess sem ferðamannaleiðir, ferðamannastaðir og ferðamannasvæði sem áætlunin tekur til hverju sinni skulu tilgreind nánar. Við gerð áætlunarinnar skal m.a. byggja á þeim markmiðum að náttúra og menningarsögulegar minjar séu verndaðar, komið sé í veg fyrir náttúruspjöll og þau lagfærð, dregið sé úr raski af völdum ferðamanna, álagi sé dreift og ný svæði metin með það í huga hvort og hvers konar uppbygging innviða sé æskileg, uppbygging innviða falli vel að heildarsviptomíti lands, horft sé til heildarlausna í uppbyggingu innviða og öryggi ferðamanna sé tryggt.

Forsendur áætlana um uppbyggingu innviða á fjölsóttum ferðamannastöðum felast í hinum hraða vexti ferðþjónustu, einkum frá árinu 2010. Ferðþjónusta er nú orðin ein stærsta atvinnugrein þjóðarinnar og hugsanlega sú sem býr yfir hvað mestum vaxtartækifærum, ekki síst í dreifðum byggðum landsins. Kannanir hafa sýnt að íslensk náttúra er það sem helst dregur ferðamenn til landsins en samfara straumi ferðamanna hefur álag á hana aukist. Því þurfa forsendur að vera til staðar til að ferðþjónustan geti nýtt náttúru Íslands á sjálfbæran hátt þrátt fyrir mikinn og öran vöxt. Ljóst er að þrátt fyrir að framlög til slíkrar uppbyggingar hafi verið aukin verulega á síðustu árum er um er að ræða mikla og uppsafnaða þörf á fjárfestingum til verndar náttúru og menningarminjum.

Að mörgu þarf að hyggja þegar ráðist er í viðamikla uppbyggingu í viðkvæmri náttúru landsins. Meta þarf hvar æskilegt er að uppbygging innviða eigi sér stað – og þá hvernig þeirri uppbyggingu skuli háttað. Tryggja þarf að þær framkvæmdir sem ráðist verður í falli vel að landslagi og hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna á staðnum. Hönnun þarf að vera látlaus og í sátt við hið náttúrulega umhverfi en þó þannig úr garði gerð að ekki sé slegið af öryggiskröfum. Í Menningarstefnu í mannvirkjagerð, sem er stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist sem var samþykkt árið 2007 og endurskoðuð árið 2014, er lögð áhersla á að viðhafa skuli ítrustu aðgæslu sem tryggji að sjónræn áhrif hins manngerða umhverfis í lítt snortinni náttúru eða í nánd við menningarminjar og uppbygging rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmynd staðarins.

Gott samspil innviða, staðhátta og gesta eru stöðug áskorun. Þetta samspil getur breyst þegar staður er byggður upp, hvort sem er í fyrsta sinn eða með viðbótarinnviðum. Óhjákvæmilegt er að breytingar verði á stöðum vegna slíkrar uppbyggingar og þörf á að greina ásættanlegar breytingar á ásýnd staða.

Stefnu ferðaþjónustunnar til 2020 má finna í Vegvísi í ferðaþjónustu. Í honum eru settar fram sjö megináherslur m.a. varðandi jákvæða upplifun ferðamanna, náttúru- og minjavernd og dreifingu ferðamanna. Undir þessum áherslum eru skilgreind verkefni sem Stjórnstöð ferðamála sér til að ráðist verði í samvinnu stjórnvalda, sveitarfélaga og greinarinnar. Markmiðið með Vegvísinum er að leggja traustan grunn fyrir farsæla og sjálfbæra þróun ferðaþjónustunnar til framtíðar.

Um er að ræða mikla fjárfestingu hins opinbera og því mikilvægt að yfirsýn sé til staðar yfir allt það sem ríkissjóður kemur að, til að bæta innviði á ferðamannastöðum og stuðla að bættri umgengni um landið og auknu öryggi ferðamanna. Auk þarfar á yfirsýn og gagnsæi er brýnt að ná fram hagkvæmni þar sem um háar fjárhæðir er að ræða. Því er áætlanagerð mikilvæg sem og eftirfylgni með efndum samninga og því brýnt að formgera samstarf varðandi uppbyggingu, rekstur og viðhald á þennan hátt. Margir ábyrgðaraðilar uppbyggingarverkefna á ferðamannastöðum eru ekki með lögbundið eða formlegt hlutverk gagnvart viðkomandi stað. Loks ber að geta laga um opinber fjármál, sem samþykkt voru í ársbyrjun 2016, en þau kalla á nýja nálgun viðfangsefna af þessu tagi.

Landsáætlun tekur til landsins alls og geta staðir átt aðild að henni óháð eignarhaldi. Svæði í eigu hins opinbera eiga sjálfkrafa aðild að áætluninni en sveitarfélög eða landshlutasamtök gera, að fengnu samþykki landeigenda, tillögu um þau svæði sem staðsett eru innan marka þeirra, eru í einkaeigu og þau kjósa að eigi aðild að áætluninni. Ýmsar áskoranir felast í dreifðu eignarhaldi lands og brýnt að ná sátt um nauðsynlegar aðgerðir á landi sem slíkt á við.

Það eru hagsmunir allra að vel takist til varðandi innviðauppbyggingu og að þróuð verði aðferðafræði sem gerir það að verkum að uppbygging innviða verði einu skrefi á undan þróun ferðamannastraums en bregðist ekki fyrst og fremst við því álagi sem orðið er.

5. SKAMMTÍMAÁÆTLUN – AFMÖRKUN OG ÁHERSLUR

Skammtímaáætlun sbr. bráðabirgðaákvæði laganna er ætlað að setja fram tillögur að forgangsröðun verkefna vegna ársins 2017. Mikilvægt er að undirstrika að skammtímaáætlun vegna 2017 er frábrugðin þeim langtímaætlunum sem lögin kveða á um og leggja á fram á Alþingi 2017 að undangenginni lögbundinni málsmeðferð.

Skammtímaáætlun vegna 2017 hefur því eftirfarandi afmörkun og áherslur:

- 1) Setur fram tillögur um innviðaverkefni vegna ársins 2017 og tilgreinir ábyrgðaraðila.
- 2) Veitir yfirsýn yfir opinbera fjármögnun innviða og áætlar fjárþörf.
- 3) Setur fram verkefni sem búið er að skilgreina, fjármagna eða setja fram í fjármálaáætlun ríkisstjórnar.

6. UMSJÓN MEÐ NÁTTÚRU- OG MENNINGARMINJUM

Ýmsir aðilar hafa umsjón með svæðum með náttúru- og menningarminjum í landinu. Afar mikilvægt er að traust umsjón og fagþekking sé til staðar með öllum þeim verkefnum sem áætlunin tekur til.

6.1. Ríkisstofnanir

Íslenska ríkið er stór landeigandi, en meira en helmingur landsins er í ríkiseigu, annað hvort sem eignarland eða þjóðlendur. Fjármálaráðuneyti og eftir atvikum Ríkiseignir fara með eignarréttindi ríkisins á eignarlandi en forsætisráðuneytið á þjóðlendum. Um 20% landsins eru formlega friðlýst þar sem ríkið er skilgreindur umsjónaraðili, óháð eignarhaldi. Innan friðlýstra svæða er mikið af þeirri sérstæðu náttúru sem ferðamenn sækjast sérstaklega eftir að heimsækja. Jafnframt er um 20% landsins á Náttúruminjaskrá, sem kveður á um ákveðin réttaráhrif til verndar náttúru.

Umsjón með landi í eigu ríkisins og framkvæmdum á því sem tengjast þeim verkefnum sem þessi áætlun fjallar um, er á höndum nokkurra stofnana.

Umhverfisstofnun fer með umsjón friðlýstra svæða, þar með þjóðgarðinn Snæfellsjökul, og er jafnframt stjórnslustofnun náttúruverndarmála. Á grundvelli náttúruverndarlaga nr. 60/2013 hefur stofnunin víðtækar heimildir til að grípa til náttúruverndaraðgerða gagnvart nýtingu ferðaþjónustunnar og umgengni um náttúruna. Stofnunin fer einnig með umsjón á svæðinu Mývatn/Laxá skv. lögum nr. 97/2004. Jafnframt fer Umhverfisstofnun með ákveðið hlutverk á þeim svæðum sem eru á Náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun er umsjónaraðili með framkvæmdum og rekstri á friðlýstum svæðum á grundvelli náttúruverndarlaga og laganna um Mývatn/Laxá.

Sérlög gilda um Vatnajökulþjóðgarð og Þingvallabjóðgarð nr. 60/2007 og nr. 47/2004 sem taka til þeirra landsvæða sem þjóðgarðarnir ná yfir. Þau útfæra fyrirkomulag umsjónar, stjórnunar og verndar innan þeirra. Þjóðgarðarnir hafa báðir starfsfólk og stjórnir og eru umsjónaraðilar með framkvæmdum og verndaraðgerðum.

Skógræktin hefur umsjón með mörgum jörðum og jarðarhlutum í eigu ríkisins þar sem ferðaþjónusta er umfangsmikil og ber þar ábyrgð á framkvæmdum og rekstri innviða.

Landgræðsla ríkisins hefur víðtækt hlutverk á sviði gróður- og jarðvegsverndar, þ.m.t. áhrifum nýtingar ferðaþjónustunnar á þeim auðlindum. Stofnunin hefur jafnframt umsjón með landgræðslusvæðum, en sum þeirra eru undir álagi vegna ferðamanna.

Á undanförnum árum hefur Óbyggðanefnd, sbr. ákvæði laga nr. 58/1998, unnið að því að kanna lagalega og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda. Þau svæði sem úrskurðuð hafa verið þjóðlendur eru í umsjón forsætisráðuneytisins í samstarfi við viðkomandi sveitarfélög, sbr. lög nr. 58/1998.

Minjastofnun Íslands er stjórnslustofnun sem annast framkvæmd minjavörslu í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar. Mikilvægt hlutverk Mínjastofnunar er að tryggja eftir

föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af þeim.

Þjóðminjasafn Íslands er vísinda- og þjónustustofnun, sem er miðstöð þjóðminjavörslu og rannsóknna á menningarsögulegum minjum í landinu. Það ber ábyrgð á umfangsmiklu húsasafni sem varð til er safnið tók gömul hús í vörslu sína til að bjarga frá eyðileggingu eða niðurrifi. Húsasafnið er kjarni safnkosts Þjóðminjasafns Íslands á landsbyggðinni.

Þessu til viðbótar eru jarðir og spildur í ríkiseigu sem eru í umsjón Ríkiseigna eða annarra stofnana. Þær jarðir eru ýmist í hefðbundnum landbúnaðarnotum með ábúð eða eyðijarðir. Einnig er ríkið eigandi kirkjujarða, sbr. samkomulag frá 1997.

Tafla 1. Stofnanir ríkisins, ábyrgðarsvið og umsjónarhlutverk í tengslum við áætlunina.

Ráðuneyti/Stofnun	Ábyrgð	Umsjón
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti		
Umhverfisstofnun	Náttúruvernd, almannaréttur	Þjóðgarðar og friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum og lögum um Mývatn/Laxá
Vatnajökulþjóðgarður	Á landi þjóðgarðsins	Vatnajökulþjóðgarður
Skógræktin	Með ákveðnum jörðum/spildum	Þjóðskógar
Landgræðsla ríkisins	Jarðvegs- og gróðurvernd	Landgræðslusvæði
Forsætisráðuneyti		
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Á landi þjóðgarðsins	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum
Minjastofnun Íslands	Minjavernd	Meningarminjar skv. minjalögum
Þjóðminjasafn Íslands	Þjóðminjavernd	Húsasafn
Forsætisráðuneytið	Þjóðlendur	Þjóðlendur, í samstarfi við sveitarfélög

6.2. Sveitarfélög

Sveitarfélögin eru víðast hvar ekki beinn landeigandi á svæðum með náttúru- eða menningarminjum sem eru undir álagi vegna ferðamanna. Sveitarfélögin hafa þó í allmörgum tilvikum umsjón með ferðamannastöðum, ýmist í samvinnu við landeigendur eða Umhverfisstofnun og mögulega fleiri stofnanir. Þau bera jafnframt skipulagslega ábyrgð innan sinnar lögsögu og geta einnig haft umsjón með svæðum sem eru á náttúruminjaskrá, svo sem fólkvöngum eða svæðum sem njóta hverfisverndar samkvæmt aðalskipulagi. Sveitarfélög hafa jafnframt átt frumkvæði að stofnun jarðvanga (e. Geoparks) innan sinnar lögsögu, þar sem innviðir og vernd náttúru- og menningarminja á ferðamannastöðum er viðfangsefni.

6.3. Einkaaðilar

Einkaaðilar eiga ekki beina aðild að landsáætlun, heldur er viðkomandi sveitarfélagi eða landshlutasamtökum sveitarfélaga ætlað það hlutverk að vera sá aðili sem tengir þá við gerð innviðaaætlana.

7. VINNULAG OG FORGANGSRÖÐUN VIÐ GERÐ SKAMMTÍMAÁÆTLUNAR FYRIR ÁRIÐ 2017

7.1. Samráð og gagnaöflun frá stofnunum og sveitarfélögum

Á vegum verkefnisstjórnar hefur verið aflað gagna frá ríkisstofnunum og sveitarfélögum á samræmdan hátt til undirbúnings áætlunarinnar.

Gagna vegna áætlunarinnar var aflað frá þeim ríkisstofnunum sem fara með umsjón svæða með náttúru- og menningarminjum, þ.e. Umhverfisstofnun, Vatnajökulspjóðgarður, Þingvallapjóðgarður, Skógræktin, Landgræðsla ríkisins, Minjastofnun, Þjóðminjasafnið og forsætisráðuneytið. Einnig var stuðst við upplýsingar frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og kortlagningarvef Ferðamálastofu um auðlindir ferðaþjónustunnar. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum frá öllum sveitarfélögum landsins. Sveitarfélögin skiluðu jafnframt gögnum um svæði í einkaeigu innan þeirra lögsögu. Annaðist Samband íslenskra sveitarfélaga þau samskipti og fékk til þess fjárstyrk frá Stjórnstöð ferðamála.

Óskað var meðal annars eftir upplýsingum um hvaða staði með náttúru- og menningarminjum viðkomandi aðilar legðu til að ættu að vera í forgangi vegna álags ferðaþjónustunnar á árinu 2017, hvaða verkefni væri hægt að ráðast í 2017, hvaða verkefni væru brýn og upplýsingar um áætlað umfang þeirra verkefna. Jafnframt voru aðilar beðnir að forgagnsraða sínum verkefnum. Þessi gagnaöflun leiddi í ljós afar mikla fjárþörf og mikið umfang verkefna.

7.2. Forgangsröðun vegna 2017 og forsendur hennar

Verkefnisstjórn fékk sendar tillögur að fjöldamörgum stöðum og landvörslu sbr. kafla 7.1. og hafði jafnframt frumkvæði um ýmis svæði. Við forgangsröðun verkefnisstjórnar á svæðum voru eftirfarandi forsendur lagðar til grundvallar vegna ársins 2017:

- a) Að viðfangsefni falli að lögum nr. 20/2016.
- b) Að nauðsyn sé á aðgerðum til að tryggja vernd náttúru og menningarminja vegna álags ferðaþjónustunnar og/ eða öryggismálum sé ábótavant. Þar hefur m.a. verið tryggt samræmi við „rauðlista“ Umhverfisstofnunar og stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs.
- c) Að viðkomandi aðili hafi sett viðfangsefni í sinn fyrsta forgang.
- d) Að verkefnið á viðkomandi stað sé framkvæmanlegt árið 2017, svo sem m.t.t. skipulagsmála.
- e) Að litið sé til dreifingar aðgerða milli landshluta.
- f) Að umsjónaraðili sé með fagþekkingu til að tryggja gæði og ábyrga framvindu verkefna.

Forgangsröðun þessi er grunnur tillögu að verkefnum á um 130 stöðum fyrir árið 2017, auk landvörslu. Rétt er að benda á að í þessari vinnu hefur orðið til yfirgripsmikill gagnagrunnur og vísir að heildayfirliti sem mun gagnast afar vel við gerð þeirrar langtímaáætlunar sem leggja á fram 2017.

8. FJÁRMÁL

Fjármögnun innviða við vernd náttúru- og menningasögulegra minja á ferðamannastöðum fer nú eftir nokkrum leiðum af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Meðfylgjandi tafla sýnir núverandi fyrirkomulag (Tafla 2).

Tafla 2. Framlög ríkis og sveitarfélaga til innviðauppbyggingar.

A. Framlag úr ríkissjóði til stofnana	Opinberar stofnanir sem fara með umsjón með náttúru- og menningarminjum eru á fjárlögum og fjárveitingar til þeirra ákveðnar á hverju ári.
B. Sérstök framlög úr ríkissjóði	Sérstakar fjárveitingar hafa verið veittar úr ríkissjóði til innviða til verndar náttúru og menningarminjum. Þeim fjármunum hefur ýmist verið beint í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, eða beint til viðkomandi stofnana.
C. Markaðar tekjur: <i>Gistináttaskattur</i>	Samkvæmt lögum um gistináttaskatt nr. 87/2011 eru lagðar 100 kr. á hverja gistináttaeiningu sem seld er í landinu. Þeim fjármunum er síðan veitt í tvo farvegi:
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	Framkvæmdasjóður ferðamannastaða starfar skv. lögum nr. 75/2011 og starfsreglum sem ráðherra ferðamála setur. Til hans renna 3/5 af gistináttaskatti. Einnig hefur sjóðurinn fengið til viðbótar sérstök framlög úr ríkissjóði til úthlutunar. Núverandi reglur sjóðsins kveða á um 20% mótframlag sveitarfélaga og einkaaðila.
Til þjóðgarða og friðlýstra svæði	2/5 gistináttaskatts renna beint til þjóðgarða og friðlýstra svæða. Skiptist það fjármagn því milli Þjóðgarðsins á Þingvöllum, Vatnajökulspjóðgarðs og Umhverfisstofnunar eftir ákvörðun viðkomandi ráðuneytis.
D. Þjónustugjöld og sértekjur	Ymsar sértekjur eru af rekstri og umsjón sumra ferðamannastaða s.s. vöru- og veitingasölu. Þessa tekjur hafa farið vaxandi. Einnig eru innheimt þjónustugjöld t.d. af salernum og bílastæðum.
E. Framlög sveitarfélaga	Sveitarfélög hafa veitt ýmis framlög til innviðauppbyggingar. Þar má sérstaklega nefna 20% mótframlag á móti Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, auk uppbyggingar sem sveitarfélög ráðast í án ríkisstyrkja.

9. ÁÆTLUN UM FJÁRMÖGNUN 2017

Í fjármálaáætlun og fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar 2017-2021 er lagt upp með ákveðið útgjaldasvigrúm á málefna svið og forgangsroðun innan þeirra. Undir málefna sviði 14 Ferðaþjónusta eru sett fram áform um aukin framlög til uppbyggingar á innviðum á ferðamannastöðum, eða um 1,2 milljarðar á ári næstu fimm árin. Einnig er í gildandi fjármálaáætlun lögð til hækkun gistináttaskatts úr 100 kr. í 300 kr. um næstu áramót, en gjaldið hefur verið óbreytt að krónutölu frá upphafi. Í frumvarpi til fjárlaga 2016 er gert ráð fyrir að tekjur af gistináttaskatti verði um 315 m.kr. Því má reikna með að tekjur af gistináttaskatti muni að lágmarki þrefaldast á milli ára.

Á framkvæmdaliðum Umhverfisstofnunar, Þingvallabjórðgarðs og Vatnajökulsbjórðgarðs í fjárlögum 2016 er veitt 2/5 af gistináttgjaldi eða samtals 126 m.kr. auk annarra fjárheimilda stofnananna. Í fjármálaáætlun 2017-2021 er jafnframt gert ráð fyrir fjárfestingum vegna innviðaverkefna fyrir alls 750 m.kr. vegna bjórðgarðsmiðstöðva og til uppbyggingar í Þingvallabjórðgarði. Að auki koma til fjármunir vegna þjónustugjalda og sértekna, svo og framlög sveitarfélaga sem ekki liggur fyrir hver eru.

Mikilvægt er að hafa í huga að endanlegar ákvarðanir um fjármál vegna innviðaupbyggingar bíða umfjöllunar og afgreiðslu Alþingis á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2017.

10. ÁÆTLUN VEGNA ÁRSINS 2017

10.1. Stærri verkefni sem eru fyrirhuguð á næsta ári

Ýmis stærri innviðaverkefni eru fyrirhuguð á næsta ári. Samtals eru áætlaðar um 750 m.kr. til neðangreindra verkefna í bjórðgördunum þremur, en gert er ráð fyrir að þessi verkefni taki lengri tíma en eitt ár.

Tafla 3. Stærri verkefni á áætlun á árinu 2017.

Staður	Verkefni	Umsjónaraðili
Þjórðgarðurinn Snæfellsjökull	Þjórðgarðsmiðstöð á Hellissandi	Umhverfisstofnun
Kirkjubæjarklaustur	Þjórðgarðsmiðstöð á Kirkjubæjarklaustri	Vatnajökulsbjórðgarður
Þingvellir	Bætt og aukin aðstaða á Hakinu	Þjórðgarðurinn á Þingvöllum

10.2. Tillögur að verkefnum vegna ársins 2017


Verkefnisstjórn hefur gert tillögu að forgangsörðun á verkefnum á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem hún aflaði sumarið 2016 frá stofnunum og sveitarfélögum sbr. kafla 7. Hér eru settar fram tillögur til umsagnar að þeim innviðaverkefnum til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á um 130 stöðum á landinu sem njóti forgangs. Er þetta svæði þar sem náttúru- og menningarminjar eru undir álagi af völdum ferðaþjónustu, auk landvörslu, sem lagt er til að verði eflað árið 2017. Þessi verkefni eru til viðbótar þeim verkefnum sem eru í töflu 3. Landfræðileg skipting verkefna er sett fram eftir landshlutum.

Ljóst er að ráðast þarf í fjölmörg verkefni á næstu árum, en miðað við þær forsendur sem lagðar eru upp í fjármálaáætlunum ársins 2017 er ekki hægt að setja fram nema hluta þeirra verkefna. Samkvæmt innsendum gögnum er áætluð fjárþörf þessara forgangsverkefna um 2 milljarðar.

Ábyrgðaraðilar með faglegri umsjón og framgangi þessara verkefna eru ýmist opinberar stofnanir eða sveitarfélög. Í mörgum tilvikum er einnig um að ræða samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að efla slíkt samstarf, ekki síst þegar um er að ræða fámennari sveitarfélög. Einnig mun verkefnisstjórn vinna að frekari samræmingu og samstarfi milli aðila hvað varðar faglegt utanumhald um verkefni, umsjón, landvörslu ofl.


Tafla 4. Áætluð verkefni til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Vesturlandi árið 2017.

VESTURLAND		
Staður	Verkefni	Umsjónaraðili
Arnarstapi - Bárður	Verndaraðgerðir	Snæfellsbær
Búðahraun	Uppbygging	Umhverfisstofnun
Dritvík	Verndaraðgerðir	Minjastofnun Íslands
Eiríksstaðir	Viðhald	Dalabyggð
Eldborg í Hnappadal	Ýmis, verndaraðgerðir, uppbygging	Umhverfisstofnun
Geitland	Verndaraðgerðir	Umhverfisstofnun
Gerðuberg	Verndaraðgerðir, öryggismál	Eyja- og Miklaholtshreppur
Glanni -Paradísarlaut	Verndaraðgerðir, viðhald	Borgarbyggð
Glymur	Öryggismál, verndaraðgerðir, uppbygging	Hvalfjarðarsveit
Grábrók	Ýmis, verndaraðgerðir	Umhverfisstofnun
Helgafell í Helgafellssveit	Uppbygging, verndaraðgerðir	Helgafellssveit
Hellnar -Gróuhóll	Öryggismál	Snæfellsbær
Hraunfossar/ Barnafossar	Verndaraðgerðir, öryggismál, uppbygging, viðhald	Umhverfisstofnun
Kirkjufellsfoss	Verndaraðgerðir, öryggismál, uppbygging, viðhald	Grundafjarðarbær
Litla -Skarð	Viðhald	Skógræktin
Snorralaus í Reykholti	Viðhald	Minjastofnun
Ströndin við Stapa og Hellna	Öryggismál	Umhverfisstofnun
Surtshellir (Vígishellir)	Öryggismál	Minjastofnun
Sönghellir	Uppbygging, verndaraðgerðir	Snæfellsbær
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	Eftirlit, uppbygging	Umhverfisstofnun




Tafla 5. Áætluð verkefni til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Vestfjörðum árið 2017.

VESTFIRÐIR		
Staður	Verkefni	Umsjónaraðili
Bolafjall	Öryggismál	Bolungarvíkurkaupstaður
Dynjandi	Eftirlit, uppbygging, verndaraðgerðir, viðhald	Umhverfisstofnun
Flatey	Verndaraðgerðir, uppbygging	Umhverfisstofnun/Reykholahreppur
Flókatóftir	Uppbygging	Vesturbyggð
Hornstrandir	Eftirlit, viðhald	Umhverfisstofnun
Látrabjarg	Öryggismál, uppbygging	Umhverfisstofnun/Vesturbyggð
Litlibær í Skötufirði	Uppbygging, verndaraðgerðir	Þjóðminjasafn Íslands
Naustahvilt	Verndaraðgerðir	Ísafjarðarbær
Selárdalur	Uppbygging	Vesturbyggð
Skálavík	Verndaraðgerðir	Bolungarvíkurkaupstaður
Surtarbrandsgil	Uppbygging, verndaraðgerðir	Umhverfisstofnun
Syðridalur – Surtarbrandsnáma	Öryggismál	Bolungarvíkurkaupstaður
Vatnsfjörður	Verndaraðgerðir	Umhverfisstofnun




Tafla 6. Áætluð verkefni til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Norðurlandi vestra árið 2017.

NORÐURLAND VESTRA		
Staður	Verkefni	Umsjónaraðili
Borgarvirki	Öryggismál, verndaraðgerðir	Mínjastofnun Íslands
Fosslaug og Reykjafoss í Skagafirði	Uppbygging, vendaraðgerðir	Sveitarfélagið Skagafjörður
Hvítserkur	Verndaraðgerðir, öryggismál	Húnaþing vestra
Ketubjörg	Öryggismál	Sveitarfélagið Skagafjörður
Kolugljúfur	Verndaraðgerðir, öryggismál	Húnaþing vestra
Þrístapar	Uppbygging, öryggismál, verndaraðgerðir	Húnavatnshreppur




Tafla 7. Áætluð verkefni til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Norðurlandi eystra árið 2017.

NORÐURLAND EYSTRÁ		
Staður	Verkefni	Umsjónaraðili
Dettifoss að vestan	Öryggismál, uppbygging	Vatnajökulsþjóðgarður
Dimmuborgir	Uppbygging, viðhald	Landgræðsla ríkisins
Friðland Svarfdæla	Verndaraðgerðir	Dalvíkurbyggð
Goðafoss	Uppbygging	Þingeyjarsveit
Herðubreiðarlindir	Verndaraðgerðir	Umhverfisstofnun
Hverastrytur í Eyjafirði	Fræðsla	Umhverfisstofnun
Hverfjall	Uppbygging	Umhverfisstofnun
Hverir – Hverarönd	Verndaraðgerðir	Skútustaðahreppur/ Landgræðsla ríkisins
Leirhnjúkur	Verndaraðgerðir	Skútustaðahreppur/ Landgræðsla ríkisins
Mývatn og Laxá	Eftirlit, rekstur	Umhverfisstofnun
Skoruvíkurbjarg	Uppbygging	Langanesbyggð
Öskjувæðið – Vikraborgir	Verndaraðgerðir	Vatnajökulsþjóðgarður



Tafla 8. Áætluð verkefni til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Austurlandi árið 2017.


AUSTURLAND		
Staður	Verkefni	Umsjónaraðili
Álfaborg	Verndaraðgerðir	Umhverfisstofnun
Álfkonusteinn	Uppbygging	Vopnafjarðarkaupstaður
Blábjörg	Verndaraðgerðir	Djúpavogshreppur
Dyrfjöll – Stóruð	Uppbygging	Fljótsdalshérað
Fardagafoss	Uppbygging	Fljótsdalshérað
Fjárborg í Mjóafirði	Verndaraðgerðir	Minjastofnun
Folaldafoss á Öxi	Uppbygging	Djúpavogshreppur
Fossárdalur	Undirbúningur	Djúpavogshreppur
Fólkvangur Neskaupstað	Uppbygging	Fjarðabyggð
Galtastaðir fram	Uppbygging	Þjóðminjasafn Íslands
Helgustaðanáma	Uppbygging	Fjarðabyggð
Hengifoss	Uppbygging	Fljótsdalshreppur
Hólmanes	Uppbygging	Fjarðabyggð
Laugavellir	Verndaraðgerðir	Fljótsdalshérað
Saxa - Stöðvafirði	Öryggismál	Fjarðabyggð
Skálanes	Öryggismál, undirbúningur	Seyðisfjarðarkaupstaður
Sómastaðir við Reyðarfjörð	Uppbygging	Þjóðminjasafn Íslands
Teigarhorn	Uppbygging	Þjóðminjasafn Íslands/ Djúpavogshreppur
Ysti-Rjúkandi	Öryggismál	Fljótsdalshérað



Tafla 9. Áætluð verkefni til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Suðurlandi árið 2017.


SUÐURLAND		
Staður	Verkefni	Umsjónaraðili
Dalfjall	Uppbygging	Vestmannaeyjabær
Dverghamrar	Verndaraðgerðir	Umhverfisstofnun
Dyrhólaey	Uppbygging, öryggismál, verndaraðgerðir	Umhverfisstofnun
Eldfell	Verndaraðgerðir	Vestmannaeyjabær
Fjaðrárgljúfur	Undirbúningur	Skaftárhreppur
Fossabrekkur	Öryggismál	Rangárþing ytra
Friðland að Fjallabaki	Verndaraðgerðir	Umhverfisstofnun
Geysir	Uppbygging, rekstur	Umhverfisstofnun
Gígjökull	Öryggismál, uppbygging	Rangárþing eystra
Gjáin Þjórsárdal	Verndaraðgerðir	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Gullfoss	Uppbygging	Umhverfisstofnun
Haukadalsskógur	Uppbygging, eftirlit	Skógræktin
Háalda	Uppbygging, fræðsla	Umhverfisstofnun
Heimaklettur	Uppbygging	Vestmannaeyjabær
Hekla - Skjólkvíar	Öryggismál	Rangárþing ytra
Hjálparfoss	Rekstur	Skeiða- og Gnúpv.hreppur/ Skógræktin
Hjörleifshöfði	Uppbygging	Mýrdalshreppur
Hrunalaug	Verndaraðgerðir	Hrunamannahreppur
Jökulsárlón, við lón og fjöru	Öryggismál	Sveitarfélagið Hornafjörður
Keldur á Rangárvöllum	Verndaraðgerðir	Þjóðminjasafn Íslands
Kerlingarfjöll	Uppbygging, öryggismál, verndaraðgerðir, fræðsla	Umhverfisstofnun
Kirkjugólf	Uppbygging	Skaftárhreppur
Lakagígar	Verndaraðgerðir	Vatnajökulsþjóðgarður
Laugarvatn	Uppbygging	Skógræktin
Reykjadalur/Grændalur	Verndaraðgerðir	Sveitarfélagið Ölfus/ Landgræðsla ríkisins
Reynisfjara	Öryggismál	Mýrdalshreppur
Rútshellir	Verndaraðgerðir	Minjastofnun Íslands
Sandfell í Öræfum	Uppbygging	Sveitarfélagið Hornafjörður/ Vatnajökulsþjóðgarður
Seljalandsfoss	Uppbygging	Rangárþing eystra
Seljavallalaug	Verndaraðgerðir	Rangárþing eystra
Skaftafell	Verndaraðgerðir, öryggismál	Vatnajökulsþjóðgarður
Skaftáreldahraun	Uppbygging, verndaraðgerðir	Skaftárhreppur
Skógafoss	Uppbygging, verndaraðgerðir	Umhverfisstofnun/ Rangárþing eystra
Sólheimajökull	Uppbygging	Mýrdalshreppur

Stöng í Þjórsárdal	Verndaraðgerðir	Minjastofnun
Systrafoss - Skógarreitur	Viðhald	Skaftárhreppur
Vatnajökulspjóðgarður	Öryggismál	Vatnajökulspjóðgarður
Þingvellir	Undirbúningur, uppbygging	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum
Þjófafoss	Öryggismál	Rangárþing ytra
Þjórsárdalsskógur	Viðhald	Skógræktin
Þjórsárdalur	Eftirlit	Skógræktin
Þórsmörk og Goðaland	Verndaraðgerðir	Skógræktin




Tafla 10. Áætluð verkefni til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Suðurnesjum árið 2017.

SUÐURNES		
Staður	Verkefni	Umsjónaraðili
Brimketill	Öryggismál	Grindavíkurbær
Garðskagaviti/umhverfi	Uppbygging	Sveitarfélagið Garður
Gunnhver	Öryggismál	Grindavíkurbær
Keilir	Verndaraðgerðir	Sveitarfélagið Vogar
Lambafellsgjá	Verndaraðgerðir	Sveitarfélagið Vogar
Reykjanesviti/umhverfi	Verndaraðgerðir	Reykjanesbær



Tafla 11. Áætluð verkefni til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Höfuðborgarsvæðinu árið 2017.

HÖFUÐBORGARSVÆÐI		
Staður	Verkefni	Umsjónaraðili
Esja	Uppbygging	Reykjavíkurborg
Krýsuvíkurbjarg	Undirbúningur	Hafnarfjarðarkaupstaður
Leiðarendi – hellir	Undirbúningur, öryggismál	Hafnarfjarðarkaupstaður
Seltún	Verndaraðgerðir, uppbygging	Hafnarfjarðarkaupstaður



10.3. Landvarsla og eftirlit

Lagt er til að í hverjum landshluta verði landvarsla eflð árið 2017 og skipulögð í samstarfi ríkis og sveitarfélaga viðkomandi landshluta, á grundvelli núverandi starfsemi. Aukning landvörslu og umsjónar er mikilvæg í ljósi þess hversu innviðaupbyggingu er víða ábótavant og þeirri staðreynd að langan tíma mun taka að byggja hana upp. Jafnframt kallar lenging ferðamannatímans á það að fyrirkomulag landvörslu verði að ákveðnu leyti hugsað upp á nýtt. Með markvissri landvörslu er hægt að bæta stýringu umferðar ferðamanna innan svæða, auka öryggi ferðamanna og bæta upplýsingagjöf til þeirra. Jafnframt er þannig hægt að þjóna svæðum þar sem ekki verða fjárhagslegar forsendur til að vinna að neinum stærri verkefnum á árinu 2017.

Tafla 12. Áætluð aukin landvarsla 2017.

Staður/svæði	Verkefni	Umsjón
Suðurland	Veruleg aukin landvarsla á Suðurlandi	Aukning landvörslu skipulögð í samstarfi stofnana og sveitarfélaga í landshlutanum
Suðurnes	Landvarsla verði tekin upp á Suðurnesjum	
Höfuðborgarsvæðið	Landvarsla verði tekin upp á höfuðborgarsvæðinu	
Vesturland	Aukin landvarsla á Vesturlandi	
Vestfirðir	Aukin landvarsla á Vestfjörðum	
NV-land	Landvarsla verði tekin upp á NV landi	
NA-land	Veruleg aukin landvarsla á NA landi	
Austurland	Aukin landvarsla á Austurlandi	



Áhersla verði lögð á að byggja á grunni núverandi landvörslu á friðlýstum svæðum og að nýta starfsstöðvar og aðstöðu sem fyrir er í landshlutunum. Þar er sérstaklega litið til eflingar landsvörslu út frá þeim starfsstöðum og þeirrar starfsemi sem þegar er í landshlutunum þannig að þjónusta megi sem flesta staði. Þar má nefna eftirtaldar starfsstöðvar: Patreksfjörð og Ísafjörð á Vestfjörðum; Hellissand og Hvanneyri á Vesturlandi; að til verði nýtt fyrirkomulag fyrir Suðurnes/Höfuðborgarsvæði; Þingvellir, Haukadalur, Gunnarsholt, Landmannalaugar, Þórsmörk, Kirkjubæjarklaustur, Skaftafell og Höfn á Suðurlandi; Teigarhorn og Skriðuklaustur á Austurlandi; Ásbyrgi, Mývatn, Vagfirir og Askja/Herðubreiðalindir á NA landi og Hólar á NV landi.